

Nd.

101. Breytingartillögur

við frv. til yfisetukvennalaga.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. Við 1. gr. fyrri málsgrein.

Orðin: »konunglegu fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða öðrum« falli burt.

2. Síðari liður 1. gr. orðist svo:

Yfisetukonur í Reykjavík, þær sem kenna eiga yfisetufræði, skulu hafa notið kennslu í erlendri fæðingarstofnun, sem veitir næga fræðslu að dómi landlæknis.

3. Við 4. gr. 1. Í stað »60« komi: 80.

4. — - — 2. Í stað »60« kemi: 80.

5. — - — Síðasta málsgrein falli burt.

6. Við 5. gr. Fyrri málsgreinin falli burt.

Hin síðari orðist svo: Ef yfirsetukona slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sjer á annan hátt, þá skal hún eiga kröfu til eftirlauna, en bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveður upphæð þeirra.

7. Við 7. gr. Síðari málsgrein orðist svo:

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eftir á, auk ókeypis fararbeina, og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastryrk.